

Tillaga til þingsályktunar

um aðskilnað rannsóknastofnana, hagsmunasamtaka og ríkisvalds.

Flm.: Ólafur Hannibalsson, Pétur H. Blöndal, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að gera tillögur um nýja skipan stjórnanna allra rannsókna- og vísindastofnana á vegum hins opinbera með það fyrir augum að efla sjálfstæði þeirra til hvers konar rannsókna og vísindaiðkana.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur stórvirki verið unnið með því að kveða í kútinn aldagamla hefð í íslensku réttarfari, þar sem sama aðila var falið að annast rannsókn máls, fara með ákærvald og kveða upp dóma og jafnvel að sjá um fullnustu refsingar. Þessir þættir hafa nú verið aðskildir, svo sem öllum mun nú þykja eðlilegt. Einnig hafa verið settar skýrari reglur í stjórn-sýslunni um hæfi manna til að sinna afgreiðslu mála sem komið hafa til þeirra kasta á fyrri stigum.

Á sama hátt er orðið fyllilega tímabært að huga að því að aðskilja á öðrum sviðum ýmis hlutverk sem hingað til hefur þótt eðlilegt að færu saman. Í þessari tillögu er fjallað um aukið sjálfstæði vísindamanna og rannsóknastofnana með það fyrir augum að gera þá óháðari öflugum hagsmunasamtökum samfélagsins, ríkisvaldi og tilfallandi valdhöfum á hverjum tíma.

Lengi hefur tíðkast að skipa stjórnarmenn rannsóknastofnana í þágu atvinnuveganna úr röðum þeirra hagsmunasamtaka sem nærri standa þeim rannsóknum sem viðkomandi stofnun annast. Þetta var ekki alls kostar óeðlilegt meðan meginverksvið þessara stofnana var að auka og efla framleiðslu í þessum greinum, næstum án tillits til annarra mikilvægra þátta. Nú eru uppi aðrar aðstæður og markmið stofnananna beinist ekki síst að því að halda aftur af fullri nýtingu framleiðsluafli í þessum greinum að teknu tilliti til umhverfisáhrifa, mati á arðsemisþáttum og sjálfbærrar nýtingar. Til dæmis má taka Hafrannsóknastofnunina sem fram til 1983 sinni því sem meginverkefni að auka afla úr öllum tegundum við Ísland en hefur síðan þurft að beina kröftum sínum fyrst og fremst að því að benda á mörk afrakstursgetu einstakra fiskstofna og leggja hömlur á veiðigetú flotans. Sama á ekki síður við um margar aðrar hliðstæðar vísindastofnanir.

Það er eðli sannra vísinda að rannsóknir leiði til niðurstöðu sem er og á að vera óháð hagsmunum eða vilja vísindamannsins eða annarra aðila. Því er brýnna en nokkru sinni fyrr að rannsóknastofnanir séu óháðar í vísindastarfsemi sinni, bæði stofnunum ríkisvaldsins og hvers konar hagsmunasamtökum á þeim sviðum sem þær rannsaka. Fátt er og betur til þess fallið að efla trúverðugleika þeirra og tiltrú þjóðarinnar.

Mikil og vaxandi umræða hefur verið um þetta efni innan vísindasamfélagsins síðustu ár. Til marks um það er grein Magnúsar Jónssonar veðurstofustjóra, sem birtist í Morgunblaðinu nýlega og birt er sem fylgiskjal með tillögunni, enda skarplegur rökstuðningur fyrir efni hennar og þörf hugvekja, þótt flutningsmenn séu ekki endilega sammála greinarhöfundu í öllum atriðum.

Fylgiskjal.

Magnús Jónsson veðurstofustjóri:

Rannsóknir í herkví hagsmuna? (Morgunblaðið 31. október 1998.)

Það eru þekkt sannindi að valdhafar allra tíma hafa reynt með ýmsum ráðum að hafa áhrif á skoðanir vísindamanna, þekkingarleit þeirra og rannsóknaniðurstöður. Fyrir aðeins fáum árum viðurkenndi t.d. kaþólska kirkjan formlega að jörðin væri hnöttótt og snérist í kring um sólu, andstætt því sem valdhafar hennar héldu fram af mikilli hörku fyrr á öldum. Þá hafa tóbaksframleiðendur nýlega fallist á að reykingar geti valdið krabbameini í lungum. Hér heima mætti nefna að stjórnendur ýmissa sveitarfélaga börðust fyrir fáum árum hart gegn þeim mönnum sem vildu vekja athygli á hugsanlegri snjóflóðahættu viðkomandi staða. Og margir muna líklega eftir því að einstaka andmæli gegn uppgræðslu og túngerð í sveitum með skurð-greftri og þurrkun lands voru talin árás á hagsmunir bænda og andstaða við tækni framfarir. Í öllum þessum tilvikum tókust á pólitískir hagsmunir og vísindarök.

Gróðurhúsavandinn.

Síðustu tvo áratugina hafa umræður um svokallaða gróðurhúsupphitun jarðarinnar orðið æ fyrirferðarmeiri, bæði hér á landi og annars staðar. Meðal vísindamanna voru og eru skiptar skoðanir á þessu máli, bæði hvort um sé að ræða raunverulega og varanlega upphitun jarðarinnar af völdum losunar gróðurhúsalofttegunda (aðallega koltvísýrings), hvernig hún dreifðist yfir jörðina og hvort hugsanleg upphitun væri sá hnattræni vandi sem látið er í veðri vaka. Hafa verður í huga að lengi vel var það skoðun margra vísindamanna að jörðin væri líklega að fara inn í nýtt ísaldartímabil, sem sannarlega mundi leiða til stórfelldrar röskunar á lífsskiyrðum okkar jarðarbúa. Alveg fram á þennan áratug fóru fram um allan heim opinskáar umræður meðal vísindamanna um þetta mál, en nú á síðustu árum má merkja verulega breytingu hér á. Að hluta til má rekja hana til aukins skilnings manna á eðli málsins, svo og að mörg undangengin ár hafa verið hlýrri en áður hefur mælst síðustu 100 til 150 árin eða svo. Þannig hefur ýmislegt stutt tilgátuna. En einnig vega hér þungt þær heimspólitísku ákvarðanir sem teknar hafa verið. Er nú svo komið að pólitísk nauðsyn og oft stórfelldir efnahagslegir hagsmunir stórfyrirtækja og heilu samfélaganna allt að því krefjast þess að þetta sé einhver mesti umhverfisvandi heimsins. Og þegar einstaklingar, fyrirtæki eða þjóðir eiga orðið verðmæta koltvísýringsskvóta verða efasemdir um upphitunarvandann barðar niður með alþekktum aðferðum skoðanakúgunar.

Á fundi starfsbræðra minna í V-Evrópu nýlega kom fram að í kjölfar Kyoto-ráðstefnunnar, og stefnumarkandi ákvarðana og skuldbindinga sem þar voru samþykktar, sáu menn fyrir stóru aukna þátttöku veðurstofa í ráðgjöf við stjórnvöld. Ég benti á að þegar svo yrði komið yrðu veðurstofurnar að hafa eina opinbera skoðun á málinu, og hið vísindalega skoðanafrelsi sem áður hefði ríkt innan þessara stofnana um málið heyrði sögunni til. Við slíkar aðstæður yrði t.d. varla hægt að hafa veðurstofustjóra sem hefði aðrar skoðanir en þær sem samræmdust stefnu og hagsmunum stjórnvalda, auk þess sem ein þjóð, stór eða lítil, ætti erfitt með að hafa aðra stefnu en þarna var ákveðin. Þegar búið yrði að leggja á koltvísýringsskatta á öllu Evrópska efnahagssvæðinu og stærstu iðnfyrirtæki svæðisins hefðu sem helstu tekjulind að framleiða tækjabúnað til þess að farga eða binda koltvísýring í jörðu eða sjó yrðu efasemdarraddirnar þaggaðar niður.

Ofveiðivandinn.

Fyrir u.þ.b. aldarfjórðungi kom fram sú skoðun meðal Íslenskra fiskifræðinga að við værum að ofveiða þorsk og fleiri tegundir hér við land. Þessi skoðun kom fram í framhaldi af miklum breytingum í umhverfi hafsins sem aftur tengdust breytingum á veðurfari Íslands og nálægum svæðum. Um þetta mál voru afar skiptar skoðanir, bæði meðal lærðra utan sem innan Hafrannsóknastofnunarinnar, að ekki sé minnst á sjómenn, alþingismenn og fjölda leikmanna. Á árunum upp úr 1980 fóru fram miklar umræður og skoðanaskipti um rannsóknaraðferðir, áhrif veiða, áreiðanleika stofnmælinga, nýliðun o.fl. Þegar síðan aflamarkskerfið var tekið upp má segja að smám saman hafi myndast „skoðanamúr“ í kring um Hafrannsóknastofnunina, múr sem nánast hefur verið óvinnandi eftir að frjálsa framsalið var sett á og stjórnvöld og útgerðarmenn sameinuðust í hagsmunagæslunni um fiskveiðistjórnunarkerfið. Engu er líkara en að allt í einu hafi vísindin verið orðin svo þróuð að öll vafaatriðin sem menn ræddu áður séu ekki lengur til staðar, þegar um fiskifræðina er að ræða. Er nú svo komið að flestar efasemdarraddir eru þagnaðar enda menn úthrópaðir sem sérvitringar, falsspámenn eða jafnvel ábyrgðarlausir óvinir þjóðarinnar. Margir náttúrufræðingar og fleiri sem gagnrýnt hafa forsendur fiskveiðistjórnunarkerfisins eru hættir að þora að láta skoðanir sínar í ljósi þar sem þeir eiga á hættu að missa vinnuna eða verða fyrir öðrum beinum eða óbeinum óþægindum eða jafnvel mannorðsmissi.

Svipað er uppi á teningnum þegar minnst er á gagnrýni sjómanna og skipstjórnarmanna á kerfið, þeir fá þá annaðhvort að taka pokann sinn eða koma að læstum stýrishúsum. Til að herða enn á skoðanakúguninni eru ýmsir embættismenn þjóðarinnar og forustumenn útvegsmanna á faraldsfæti um allan heim til að mæra okkar ábyrga fiskveiðistjórnunarkerfi og óskekulu vísindin sem eiga að hafa byggt upp alla fiskstofna við Ísland síðan kerfið var sett á!! Þegar síðan auðtrúa útlendingar (oftast hagfræðingar) annaðhvort skrifa greinar eða koma í heimsókn til að lofsyngja yfir okkur eigin útflutning á ritskoðuðum hagsmunagæslusannleikanum þorir varla nokkur maður að segja orð.

Í erlendum greinum les maður öðru hverju gagnrýni vísindamanna á þær rannsóknaraðferðir og ráðgjöf sem fiskifræðingar beggja vegna Atlantshafsins veita. Þekkt eru dæmin frá Norgei, Nýfundnalandi og Færeyjum. Flest bendir til þess að umhverfið sé aðalgerandi í vexti og viðgangi fiskstofna, þótt því sé að sjálfsgöðu ekki neitað að hægt er að ofveiða fisk, t.d. með ríkisstyrktri ógnarsókn, eins og dæmin sanna frá ýmsum löndum. Nýlega las ég í erlendri vísindagrein að flest benti til þess að kvótasetning á einstakar fisktegundir væri beinlínis skaðleg nýtingaraðferð á svæðum þar sem margar fisktegundir héldu sig. Eðlilegra væri að setja heildarkvóta á svæðið. Og fyrir stuttu var í sjónvarpinu sýndur kanadískur þáttur um Kyrrahafslaxinn, þar sem leiddar voru líkur að því að það væru nánast alfarið umhverfisskilyrði sem réðu stærð og útbreiðslu stofnsins. Þá varð mér nýlega ljóst að 25% nýtingarreglan, sem sett var á fyrir fáum árum, er ekki fiskifræðileg heldur hagfræðileg og var að mestu ákveðin af hagfræðingum og hagsmunaaðilum kvótakerfisins undir yfirskini fiskverndunar og uppbyggingar fiskstofna.

Öll þessi umræða nær hins vegar lítt út í samfélagið vegna þess að hagsmunagæslumenn hafa komið flestum vísindamönnum inn í skel og barið niður umfjöllun í fjölmiðlum og meðal almennings. Margir þeir sem stundað hafa fiskveiðar áratugum saman á Íslandsmiðum tjá sig aðeins í lokuðum samtölum, þar sem þeir segjast ekkert skilja í þessum fræðum og eru farnir að halda að öll sú reynsla og þekking sem þeir öfluðu sér sé einskis virði, raunar tóm della. En í ljósi reynslu minnar á skiptum skoðunum á veðurfarsbreytingum á ég afar erfitt með að trúa því að innan Hafrannsóknastofnunarinnar séu ekki enn þá skiptar skoðanir í fiskifræðunum og forsendum þeim sem liggja til grundvallar kvótasetningar á flestar tegundir fisks á Íslandsmiðum.

Lokaorð.

Tilfni þessara skrifa minna er í fyrsta lagi umræða okkar nokkurra veðurstofustjóra nýlega um vaxandi pólitískt hlutverk veðurstofa í meintum gróðurhúsavanda. Í öðru lagi veldur mér áhyggjum sú vaxandi tilhneiging þeirra sem hafa efnahagslega hagsmuni af því að koma á útblásturskvótakerfi til að gera lítið úr skoðunum efasemdarmanna og berja þannig niður akademíska hugsun og skoðanaskipti í þessu flókna og tiltölulega lítt þekkta máli. Þá hefur mér ofboðið meir og meir sú skoðanakúgun sem hér hefur vaxið utan um fiskveiðistjórnunarkerfið og forsendur þess. En þetta eru fjarri því nokkur einsdæmi. Læknisfræðin, lyfjafræðin, matvælafræðin, hagfræðin og miklu fleiri fræðigreinar eru fullar afhliðstæðum. Í hinu flókna þekkingar- og upplýsingasamfélagi okkar er hins vegar vaxandi hættu á að stjórnvöld og leiðandi fyrirtæki knýi vísindamenn til að taka afgerandi ákvarðanir á ófullnægjandi þekkingargrunni. Ákvarðanir sem í eðli sínu eru pólitískar og/eða efnahagslegar og geta ráðið miklu um hagsmuni einstaklinga, fyrirtækja, byggðarlaga og jafnvel heilu þjóðfélaganna. Þegar þannig er verður oft ekki aftur snúið án mikilla átaka og jafnvel hörmunga. Sagan er full af dæmum.